Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**124. fundur svæðisskipulagsnefndar**
**var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 9. febrúar 2024**
**og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**
Björg Fenger var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ásgeir Sveinsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Andri Steinn Hilmarsson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek, formaður, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **Framtíðarstaðsetning skotíþrótta á höfuðborgarsvæðinu - 2303014**

   Framhald frá 122. fundi þar sem ofangreint var til umræðu og var formanni veitt umboð til að vinna áfram að málinu. Erindið var kynnt á 573. stjórnarfundi SSH dags. 5. febrúar 2024 þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við að svæðisskipulagsnefnd myndi vinna áfram að framgöngu þess en fyrirliggjandi er afgreiðsla þess fundar. Þá er fyrirliggjandi drög að erindisbréfi til kynningar og umræðu.

   *Lagt fram til kynningar*

2. **Bættar almenningssamgöngur til Keflavíkurflugvallar - starfshópur IRN - 2303002**

   Munnleg skýrsla formanns um ofangreint en áður hafði formaður upplýst nefndina um stöðu verkefnisins á 119. fundi dags. 8. september 2024.

   *Umræður*

3. **Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

   Fyrirliggjandi er að svæðisskipulagsnefnd mun heimsækja Mosfellsbæ 3. maí nk.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026